

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 2. desember 1987

um breytingar í samræmi við tækniframfarir á tilskipun ráðsins 82/130/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast

(88/35/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/130/EBE ⁽¹⁾, einkum
7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nauðsynlegt er með tilliti til þeirrar tæknipróunar sem orðin er að breyta innihaldi samhæfðu staðlanna sem getur í viðauka A við tilskipun 82/130/EBE.

Svo að tekið verði tillit til núverandi stöðu samhæfðu staðlanna er nauðsynlegt að breyta viðauka B við tilskipun 82/130/EBE.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur frá því að tilskipun 82/130/EBE var samþykkt þykir rétt að breyta viðauka C við þá tilskipun.

Þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit sem skilað var af undirnefnd Öryggis- og heilbrigðisnefndarinnar fyrir námuvinnslu, sem falið var að breyta í samræmi við tækniframfarir tilskipuninni um afnám tæknilegra viðskiptahindrana að því er varðar rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem getur myndast eldfimt gas.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 82/130/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað viðauka A og C komi viðaukar A og C við þessa tilskipun.

2. Viðauka B er breytt til samræmis við viðauka B við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1988. Þau skulu þegar í stað tilkynna það framkvæmdastjórninni.

2. Þó skulu aðildarríkin til 1. janúar 2005 beita áfram þeim ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 82/130/EBE að því er varðar rafföng sem vottað er að samrýmist samhæfðum stöðlum með samræmisvottorðinu sem getið er í 8. gr. tilskipunar 82/130/EBE, hafi vottorðið verið gefið út fyrir 31. desember 1988.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. desember 1987.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Manuel MARÍN

varaforseti.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 59, 2. 3. 1982, bls. 10.

VIÐAUKI A

EVRÓPUSTAÐLAR

samdir af CENELEC, rue Bréderode 2, PO Box 5, B-1000 Brussel

Til vottorða sem gerð eru samkvæmt þessari tilskipun skal vísað sem „vottorða af gerð B“. Bókstafurinn B skal koma fremst í raðnúmeri slíkra vottorða.

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning	Athugasemdir
EN 50014	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: almennar kröfur Breyting 1 Breyting 2 Breytingar 3 og 4	1	Mars 1977 Júlí 1979 Júní 1982 Desember 1982	(¹) (¹)
EN 50015	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: olíufylling „o“ Breyting 1	1	Mars 1977 Júlí 1979	
EN 50016	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: yfirprýstingsumlykja „p“ Breyting 1	1	Mars 1977 Júlí 1979	
EN 50017	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sallafylling „q“ Breyting 1	1	Mars 1977 Júlí 1979	
EN 50018	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sprengitraust umlykja „d“ Breyting 1 Breyting 2	1	Mars 1977 Júlí 1979 Desember 1982	
EN 50019	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: aukið öryggi „e“ Breyting 1 Breyting 2	1	Mars 1977 Júlí 1979 Sept. 1983	
EN 50020	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sjálftrygg útfærsla „i“ Breyting 1	1	Mars 1977 Júlí 1979	(¹)

(¹) Sjá viðauka B.

VIÐAUKI B

Breytingar og viðaukar við Evrópustaðla sem taldir eru upp í viðauka A

1. viðbætur

RAFFÖNG Í FLOKKI I TIL NOTKUNAR Á SPRENGIHÆTTUSTÖÐUM
ALMENNAR KRÖFUR
(Evrópustaðall EN 50 014)

Í stað liðar 6.3.1 í breytingu 3 (desember 1982) á Evrópustaðli EN 50 014 komi:

„6.3.1 Rafföng í flokki I

Umlykjur úr plastefnum sem hafa yfirborð með ofanvarpi í einhverja átt sem er meira en 100 cm² eða hafa bera málmhluta með meiri rýmd til jarðar en 3 pF í versta tilviki, skulu þannig hannaðar að við eðlilegar aðstæður við notkun, viðhald og hreinsun sé ekki hætt á íkveikju vegna stöðurafmagns.

Þessari kröfu skal fullnægt:

- með viðeigandi vali á efni: einangrunarviðnám þess mælt samkvæmt þeirri aðferð sem lýst er í 22.4.7.8 í þessum Evrópustaðli skal ekki vera meira en:
 - 1 GΩ við 23 ± 2 °C og 50 ± 5% rakastig,
eða
 - 100 GΩ við ystu mörk hita- og rakastigs sem gefið er upp sem þjónustusvið fyrir raffangið; merkið „χ“ skal þá sett á eftir tilvísuninni til vottorðsins eins og gefið er til kynna í 26.2.9.,
- eða með stærð, lögun, fyrirkomulagi eða öðrum varnaraðgerðum. Sannreynt skal með raunverulegum íkveikjuþrófunum á loft-metanblöndu með 8,5 ± 0,5% metan að hættulegar stöðurafmagnshledslur komi ekki fyrir.

Verði ekki öll hætt á íkveikju útilokuð með hönnuninni, skal á viðvörunarspjaldi gefa til kynna þær öryggisráðstafanir sem beita á við notkun.“

2. viðbætur

Texti 2. viðbætis í viðauka B við tilskipun 82/130/EBE falli brott.

3. viðbætur

Texti 3. viðbætis í viðauka B við tilskipun 82/130/EBE haldist óbreyttur.

VIÐAUKI C

RAFFÖNG Í FLOKKI I TIL NOTKUNAR Á SPRENGIHÆTTUSTÖÐUM

I. EINKENNISMERKI BANDALAGSINS

M Y N D

II. MERKING RAFFANGA SEM Hafa SKOÐUNARVOTTORÐ

Ef raffang af gerð sem ekki er í samræmi við samhæfðu staðlana hefur fengið skoðunarvottorð eins og ráð er fyrir gert í 9. gr. verður að bætast við einkennismerki bandalagsins að minnsta kosti það sem hér fer á eftir:

1. Merkið „S“ sem táknar að raffangið henti fyrir gasmengaðar námur og hafi skoðunarvottorð. Merkið skal koma strax aftan við einkennismerki bandalagsins eins og sýnt er hér fyrir neðan.
1. a) Merkið „I“ fyrir flokk tækjanna.
2. Tveir síðustu tölustafir í ártalinu þegar skoðunarvottorðið er gefið út.
3. Raðnúmer skoðunarvottorðsins fyrir það ár.

4. Nafn eða merki aðilans sem samþykktur hefur verið til að gefa út vottorðin.
5. Nafn framleiðandans eða skráð vörumerki hans.
6. Gerðarmerking framleiðandans.
7. Raðnúmer framleiðandans.
8. Telji prófunarstöðin nauðsynlegt að gefa til kynna sérstök skilyrði fyrir öruggri notkun skal setja merkið „χ“ á eftir tilvísuninni til skoðunarvottorðsins.
9. Allar merkingar sem krafist er í byggingarstöðlum fyrir raffangið.
10. Allar viðbótarmerkingar sem aðilinn sem samþykktur hefur verið til að gefa út vottorðin telur nauðsynlegar.

MYND
